

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2020  
UST202003-368/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka í Kollafirði – Björgun. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að taka allt að 3,6 milljón rúmmetra úr þremur námum, Engey, Saltvík og Þerneyjarsundi á næstu 20 árum.

Með bréfi dags. 19 mars sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um hvort mat á líkum á strandrofi sem fór fram við mat á umhverfisáhrifum umræddrar efnistöku stæðust enn í ljósi mögulegra breytinga vegna hækkunar sjávarborðs. Að öðru leyti taldi Umhverfisstofnun að aðri þættir í náttúruferlinum hefðu ekki tekið breytingum frá mati árið 2008.

Skipulagsstofnun óskaði eftir upplýsingum um mögulegt strandrof og barst Skipulagsstofnun bréf þess efnis frá Vegagerðinni dags. 17. apríl sl. en þar segir m.a.:

*„Niðurstöður öldufarsathugana umhverfismatsins frá 2008 sýndu að áhrif námuvinnslnar voru takmörkuð, í flestum tilvikum innan viðmiðunarmörkum, en yfir mörkum fyrir tvær námur. Mörkum þeirra var svo breytt í kjölfarið Vegagerðin telur að í meðfylgjandi gögnum sé ekki gerð grein fyrir áhrifum breyttra og stækkaðra efnistökusvæða með tilliti til mögulegra áhrifa á landbrot og að það þurfi að gera. Það gæti mögulega leitt til breytinga á fyrirhuguðum efnistökusvæðum. Þá þurfi að gera grein fyrir núverandi ástandi þeirra strandsvæða sem efnistökusvæðin hafa áhrif á, t.d. með drónamælingum. Vöktun fælist í því að gera slíkar mælingar á nokkurra ára fresti og bera saman við fyrri mælingu.*

*Vegagerðin telur hins vegar að í heild sé breyting á efnistökusvæðum frá fyrra umhverfismati ekki það mikil að það krefjist nýs umhverfismats.“*


*Að öðru leyti telur Vegagerðin að forsendur mats frá 2008 standi óbreyttar.*

Að teknu tilliti ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að við leyfisveitingu ætti að lítið til álits Vegagerðarinnar til að draga úr neikvæðum áhrifum og tryggja vöktun strandsvæða.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri